

Verkefni um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar

Í mars 2022 skipaði umhverfis-orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, stýrihóp sem falið var að greina verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins skyldi leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Áður hafði ráðuneytið í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi haft verndun Breiðafjarðar og tengsl verndunarinnar við byggðapróun til skoðunar á grundvelli aðgerða Byggðaáætlunar C9, Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar.

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið (áður umhverfis- og auðlindaráðuneytið) gerði verksamning við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun. Verksamningurinn sem er mjög ítarlegur varð hryggjarstykkið í vinnu stýrihóps að verkefninu.

Í stýrihópnum sitja:

Sigríður Finsen, formaður, skipuð án tilnefningar,

Steinar Kaldal, sérfræðingur í umhverfis- orku- og loftslagráðuneytinu,

Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, tilnefnd af Breiðafjarðarnefnd,

Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af innviðaráðuneytinu,

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi,

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi og formaður stjórnar, tilnefnd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga,

Kristján Skarphéðinsson, sérfræðingur, tilnefndur af matvælaráðuneytinu, síðar Freydís Vigfúsdóttir og síðar Sveinn Kári Valdimarsson.

María Reynisdóttir, sérfræðingur menningar- og viðskiptaráðuneytið, síðar Þórarinn Örn Þrándarson.

Starfsmaður frá Náttúrustofu Vesturlands, Jakob Johann Stakowski, starfaði tímabundið með stýrihópnum.

Í tengslum við verksamninginn við ráðuneytið var skipaður samráðshópur með fulltrúum allra sveitarfélaga við Breiðafjörð.

Samráðshópurinn skipa:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggð

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri, Reykhólahreppi

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggð

Halldór Árnason, hagfræðingur, Stykkishólmi (nú látinn),

Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri, Grundarfirði

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri, Snæfellsbæ

Stýrihópurinn hefur komið saman á netfundum og fengið til sín gesti um fengið fræðslu um ýmis mál er varða Breiðafjörð, s.s. kynning á skipulagsferli haf- og strandsvæða, kynning á rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar á Breiðafirði.

Starfsmaður stýrihópsins Jakob Johann Stakowski tók saman skýrslu undir heitinu Stöðugreining Breiðafjarðarsvæðis.

Landshlutasamtökin tvö fengu KPMG til að gera sviðsmyndagerð fyrir Breiðafjörð.

Vífill Karlsson hagfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi tók saman skýrslu um hagrænt virði Breiðafjarðar.

Ein af sviðsmyndum sviðsmyndagreiningarinnar nefnist Breiðfirskir straumar þar sem ákveðið jafnvægi ríkir á milli verndar og nýtingar og mikil áhersla er lögð á rannsóknir. Tillögur stýrihópsins taka mið af þessari sviðsmynd og leitast við að raungera þessa sviðsmynd. Tillögurnar eru fjölbreyttar og beinast að nokkrum aðilum.

Á fundunum sem framundan eru með íbúum og hagaðilum verða tillögurnar teknar til umræðu.

Undirbúningur íbúafundanna hafa annast Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá Ildi ehf., Aðalsteinn Óskarsson hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Páll Brynjarsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og formaður stýrihópsins, Sigríður Finsen.